



# SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1229*  
*komudagur 9.3.2006*

Selfossi, 7. mars 2006  
0510002SA ÞH

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2006 - 2009, 391. mál**

Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga hefur borist erindi frá iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 16. febrúar 2006, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2006 - 2009. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hafði áður óskað eftir umsögn samtakanna um uppkast að þingsályktunarillögunni. Ekkert tillit virðist hafa verið tekið til umsagnarinnar og því er nánast óbreyttum athugasemdum SASS komið á framfæri við Alþingi í von um betri undirtektir. Umsögnin fer hér á eftir:

## 1. Styrking landshlutakjarna.

Í þingsályktunartillögunni er lögð áhersla á styrkingu landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Mið-Austurlands, en jafnframt vitnað í núverandi byggðaáætlun þar sem segir að eitt meginmarkmiða hennar sé að „treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni með því að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafli fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu.“ Ekki verður betur séð en að þéttbýliskjarnar á Suðurlandi falli undir þessa skilgreiningu en þó er Suðurlands hvergi getið. Suðurland er vissulega á landsbyggðinni, en sker sig á vissan hátt frá ýmsum öðrum landshlutum að því leyti að vesturhluti svæðisins er eitt mesta vaxtarsvæði landsins nú um stundir. Það þýðir ekki að ástæðulaust sé að styrkja landshlutakjarna á Suðurlandi því byggðastefna á ekki og þarf ekki einungis að snúast um varnaraðgerðir heldur einnig að treysta vöxt og framfarir á vaxtarsvæðum. Því er lagt til að áhersla verði lögð á styrkingu landshlutakjarna í öllum landshlutum.

## 2. Bættar samgöngur

Í aðgerðaáætlun þingsályktunartillögunnar er tekið fram að „unnið verði að mikilvægum samgöngubótum á landsbyggðinni samkvæmt samgönguáætlun“ og síðar að „bættar samgöngur séu mikilvæg forsenda fyrir styrkingu landshlutakjarna,“ og þá er væntanlega verið að vísa til Ísafjarðar, Akureyrar og Mið-Austurlands. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga gerðu alvarlegar athugasemdir við síðustu 4 ára samgönguáætlun og geta samtökin með engu móti fallist á þessa tillögu. Athugasemdir SASS lutu að því að í samgönguáætluninni er lítið tillit tekið til umferðarþunga og vegalengda og hlutur Suðurlands mjög rýr samanborið við önnur svæði. Mjög mikilvægt er að auka framlög til samgöngumála á Suðurlandi frá því sem nú er áætlað, ekki síst leiðarinnar á milli Selfoss og Reykjavíkur þar sem umferð hefur vaxið gríðarlega, til tengivega á Suðurlandi sem engan veginn bera þá

<b>Aðsetur – Address:</b>	<b>Símar – Telephone:</b>	<b>Myndsendir – Fax:</b>	<b>Netfang – E-mail:</b>	<b>Kennitala – Id.no.:</b>
Austurvegur 56 800 Selfoss Iceland	482 1088 482 1350	482 2921	sass@sudurland.is	480775-0159



miklu umferð sem um þá fer og til að styrkja samgöngur við Vestmannaeyjar og rannsóknir á samgöngubótum við þær.

### 3. Efling menntunar og menningar

Tekið er undir þau áform sem eru um uppbyggingu þekkingarstra/háskólasetra, eflingu dreifmenntunar á öllum skólastigum, eflingu símenntunar og eflingu menningarstarfsemi m.a. með gerð menningarsamninga ríkis og sveitarfélaga. Hins vegar er gerð athugasemd við framkvæmd þessara mála hingað til. Þannig hafa símenntunarstöðvar á Ísafirði, Húsavík og Egilsstöðum nú um nokkurra ára skeið fengið á annað hundrað% hærri framlög til sinnar starfsemi en símenntunarmiðstöðvar á Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi enda þótt starfsemi hafi verið sambærileg og nú er svo komið að þær síðarnefndu þurfa að hætta við eða draga mjög úr framboði háskólanáms sem þær sjá um að miðla. Sama gildir raunar um menningarsamninga, þeir hafa aðeins verið gerðir við tvo landshluta, enda þótt drög að slíkum samningi hafi lengi legið fyrir á Suðurlandi. Í þingsályktunartillögunni er vitnað til stefnu ríkisstjórnarinnar um „að stefnt sé að því að treysta undirstöður byggðar í landinu og skapa jöfn skilyrði til atvinnu, menntunar og menningar.“ Í ljósi þessarar yfirlýsingar og þeirrar stöðu sem áður er lýst í þessum málum, er nauðsynlegt að kveða fastar að orði um að uppbygging háskólanáms, símenntunar og menningarstarfsemi eigi sér stað í öllum landshlutum.

### 4. Aukin nýsköpunar- og atvinnuþróunastarfsemi


Í þingsályktunartillögunni er nefnt að „atvinnuþróunarfélögum verði áfram tryggður öruggur starfsgrundvöllur“. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga leggja áherslu á að framlög til atvinnuþróunarfélaga verði aukin og starfsemi þeirra þannig eflað frá því sem nú er. Þetta má annars vegar gera með því að færa fjármuni frá Bygðastofnun og breyta um leið hlutverki hennar eða auka framlög til atvinnuþróunarmála í heild. Samtökin telja að fjámunir nýtist betur með þeim hætti og frumkvæði heimamanna þannig eflt. Samtökin lýsa jafnframt ánægju með með gerð svokallaðra vaxtarsamninga enda er með þeim færð ábyrgð á framkvæmdum á sviði byggðamála til hagsmunaaðila í héraði.

### 5. Lokaorð

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga gera þá lágmarkskröfu, ef niðurstaða Alþingis verður sú að byggðastefna eigi einkum að fela í sér varnaraðgerðir fyrir ákveðin svæði á landsbyggðinni, að byggðastefnan bitni ekki á öðrum svæðum landsbyggðarinnar. Það á t.a.m. við um bráðnauðsynlega uppbyggingu háskólamenntunar sem hefur almennt gildi og mikilvægi óháð byggðastefnu á hverjum tíma og lýtur einnig að grundvallarréttindum þegnanna um jafnan aðgang að menntun.

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri